



2024

Athugið flipann «Greiðslur til garða» í bókunarkerfinu. Þar eru sýndar allar greiðslur frá KGSÍ til kirkjugarða frá árinu 2018.

Upplýsingar um fjármál kirkjugarða.

a) **Umhirðugjald** (fermetrastærð grafarsvæða og fl. sjá neðar). **Umhirðugjald** er ekki áætlun heldur ákveðin krónutala sem greidd er á fermetra á grafarsvæðum. Þetta fermetragjald breytist samkvæmt þróun fjárlaga á milli ára. KGSÍ greiðir umhirðugjald mánaðarlega, þann 15. hvers mánaðar. Umhirðugjald er mismunandi hátt eftir flokkum enda eru mismunandi rekstrarþættir sem standa þar að baki. Í flokkum 1 – 4 er gjaldið nær eingöngu til að standa straum af gróður umhirðu en eftir því sem ofar dregur bætast fleiri rekstrarþættir inn, s.s. húsnæðiskostnaður, launagreiðslur, stjórnunarkostnaður o.fl. Orðið „umhirðugjald“ er að þessu leyti nokkuð villandi. Kannski væri „fastagjald“ nær lagi?

b) **Greftrunargjald** (grafartaka). er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt jarðsetninguna út í bókunarkerfi KGSÍ. Greitt er til kirkjugarða 15. hvers mánaðar þær jarðsetningar sem fram fóru í mánuðinum á undan.

Þeir sem ekki hafa fengið aðgang að bókunarkerfinu hafi samband við Arnfinn R. Einarsson í síma 659-3106 eða Smára Sigurðsson í síma 462-2613.

Árið 2024

Brúttóframlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2024 er **kr. 1.488.100.000**.

Í umhirðu eða fastan kostnað verður skipt á milli kirkjugarða rúmum ellefu hundruð miljónum, sem er örlítil hækkun í krónutölu milli ára. Einingaverð vegna grafartöku hækkar bæði fyrir kistugrafir og greftrun duftkerja. Gert er ráð fyrir að greiða um 255 miljónir vegna greftrana á yfirstandandi ári. Ákveðið var að leggja til hliðar rúmar 14,8 m.kr. (sem varasjóð til að mæta óvæntum kostnaði) Einingaverð voru ákveðin á fundi kirkjugarðaráðs 26. janúar 2024. Af ofangreindum upphæðum dregst síðan af 8% sem er framlagið til kirkjugarðasjóðs.

2024	Skv. fjárheimildum fjárlaga	Kirkjugarðasjóður 8,0%	Til skipta
Umhirða	76,6% 1.139.884.600 kr.	-91.190.768 kr.	1.048.693.832 kr.
Grafir	17,2% 255.953.200 kr.	-20.476.256 kr.	235.476.944 kr.
Bálstofa	5,2% 77.381.200 kr.	-6.190.496 kr.	71.190.704 kr.
Bið	1,0% 14.881.000 kr.	-1.190.480 kr.	13.690.520 kr.
	100,0% 1.488.100.000 kr.	-119.048.000 kr.	1.369.052.000 kr.
	Ráðstöfunarfé Kirkjugarðasjóðs vegna 2024		119.048.000 kr.
			1.488.100.000 kr.

Greiðslur til kirkjugarða frá KGSÍ í janúar 2024.

Umhirðan er greidd á einingaverði 2024 frá og með fyrstu greiðslu 15. janúar og sama framlag hvern mánuð út árið. **Greftranir** (greitt eftirá) í desember er greiddar 15. janúar á einingaverði 2023. Greiðslur vegna greftrana í janúar 2024 verða greiddar á réttu einingaverði 15. febrúar og áfram út árið.

Bálstofan Heildarframlag til bálstofu lækkar milli ára um 2,9 miljónir nettó.

Ársreikningar kirkjugarða. Gera skal grein fyrir tekjum og gjöldum á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert. Samkvæmt fyrirmælum frá Ríkisendurskoðun þurfa kirkjugarðar að gera grein fyrir brúttóupphæð sem reiknuð er á hvern kirkjugarð og er framlag ríkisins. Er hér átt við að í ársreikningi sé gerð grein fyrir því sem hver kirkjugarður fær í umhirðugjald + greftrunargjald + framlag til kirkjugarðasjóðs (8% af heild 2023). Þetta má sjá í «Greiðslur vegna garða» í bókunarkerfinu.

Hér fyrir neðan eru nógildandi einingaverð grafartöku.

Einingaverð vegna greftrana 2024

Umhirðuflokkur	Grafargjald	Áætlaður fjöldi	Áætluð greiðsla
Flokkur 1-4	121.475	239	28.971.890
Flokkur 5-10	102.647	1169	119.958.709
Duftker	69.635	1243	86.546.345
		2.650	235.476.944